

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Hellu



Dags eftirlits	29.11.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Heimir Hoffritz	Staðsetning	431818,158 370443,172

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í stöð Olíudreifingar á Hellu, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stöðst frárennslið það próf.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2009.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

ANNAÐ

Þjónusta skal olíuskilju á árinu.

Reykjavík, 12.12.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talið frávik